Fundargerð 14. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur, 1. september 2026 kl. 20-21:30.

Mætt: Halldór Kolbeins, Pétur Gauti Valgeirsson, Þór Bínó Friðriksson, Jón Páll Baldvinsson, Bryndís Kristjánsdóttir og Aðalheiður Rán Þrastardóttir.

Næsti fundur: Staðfundur 30. september eða 1. október 2026.

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Fundur settur kl. 20:10. Halldór stýrir fundi.

Fundargerð 13. Fundar

Samþykkt og send til undirritundar.

Verkefni og staðan

A) **Samninganefnd VR vegna forsendubrests.** Samninganefnd VR vegna forsendubrests hittist ásamt Fagfélögunum í gær. Ekki er komið á hreint hver viðbrögð við forsendubrest verða en fundað verður með SA nk. fimmtudag. Trúnaðarráð VR hittist á fimmtudaginn kl. 17.30 og vilji er til að formaður deildar komi á þann fund sem áheyrnarfulltrúi, eða annar fulltrúi hans. Margt stjórnarfólk upptekið á þeim tíma svo lagt er til að Heiða fari á fundinn og sendi skýrslu á stjórn um stöðu samninga.
   Ef niðurstaðan er sú að samningum verði sagt upp þarf að skipa samninganefnd. Síðasta sem gert var fyrir sumarið varð að skipulag varðandi vinnu í bókunum var rætt við SA.
B) Vinna þarf að hefjast varðandi málefni vetrarins. Sent á milli til að finna tíma fyrir vinnufund.
C) Fræðslufundirnir sem búið er að leggja upp fyrir haustið. Stjörnu Sævar fjallar um norðurljós í september, Einar Sveinbjörns áætlaður í nóvember. Stjórn skipuleggur jólabókakvöld eins og í fyrra.
D) **ASÍ þingið.** Leiðsögufólk er hvatt til að skrá sig sem fulltrúa VR á ASÍ þingið. Plássin eru að fyllast en hægt er að senda á Heiðu sé vilji til að fara og hún kemur því áfram. Þetta á ekki einungis við um stjórnarmeðlimi þar sem allt fullgilt félagsfólk getur boðið sig fram. Þingið er 14. – 16. október nk. og hefur verið ca. kl. 9-17 og kvöldverður eitt kvöldið. Halldór, Pétur Gauti og mögulega Jón Páll vilja vera skráðir en hlekkur með dagskrá og þinggögnum verður sendur á alla í stjórn.

Breytingartillögur af aðalfundi 2025

Lagt hefur verið til að hafa aðalfund miðvikudaginn 28. október, einhverjar athugasemdir á það? Stjórnarfólk sumt hvert upptekið svo 21. október er ákveðinn, með fyrirvara um að það sé hægt varðandi annað starf hjá VR. Áætlun varðandi tímasetningar fyrir breytingatillögur, farmboð o.þ.h. verður sent stjórn eftir að það hefur verið yfirfarið.

Á aðalfundi haustið 2025 lögðu félagar fram breytingartillögur að starfsreglum deildarinnar. Niðurstaða aðalfundar var að stjórn myndi fara yfir tillögurnar milli aðalfunda og mynda sér skoðun á tillögunum, m.t.t. hvað stjórn VR myndi einnig samþykkja. Það yrði borið undir þá félaga er lögðu tillögurnar fram og það sem bæði stjórn og tillöguhópur sammælast um yrði lagt fram af stjórn til breytingar á aðalfundi 2026. Unnið hefur verið að þessum breytingum og þarf stjórn nú að taka lokaákvörðun um þessi atriði fyrir aðalfund 2026.

Farið yfir ferli breytingatillaga, þ.e. tillögurnar er stjórn er sammála um eru lagðar fram í nafni stjórnar fyrir aðalfund 2026. Vilji félagar er lögðu tillögurnar fram 2025 enn þær tillögur er stjórn er ósammála um verða þau að leggja tillögurnar aftur fram fyrir aðalfund 2026.

Tillögurnar voru sendar stjórn fyrir fundinn. Örvar hefur sent að hann hafi ekki ábendingar á það sem þar hefur fram komið.

Tillaga 1. Breyting samþykkt af stjórn eins og hún hefur verið unnin með tillöguhópi.

Tillaga 2. Stjórn vill aðlaga reglur deildar að reglum VR. Breyting ekki samþykkt af stjórn.

Tillaga 3. Við mótun starfsreglna deildarinnar var orðalag greinarinnar sérstaklega hugað að því að faglegi þátturinn yrði nefndur. Breyting ekki samþykkt af stjórn.

Tillaga 4. Breyting samþykkt af stjórn eins og hún hefur verið unnin með tillöguhópi.

Tillaga 5. Ef alvarlegur málefnalegur ágreiningur er í kringum stjórn getur stjórn VR gripið inn í, því þykir óþarfi að breyta greininni. Breyting ekki samþykkt af stjórn.

Tillaga 6. Tillaga að breytingu mun ekki fá framgöngu innan VR þar sem ekki er hægt að útiloka félaga er fara eftir kjarasamningi leiðsögufólks. Breyting ekki samþykkt af stjórn.

Bryndís lagði til breytingu á 4. grein starfsreglna:

> ,, ... Varamenn skal kjósa til tveggja ára.
>
> Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest fimm. Til að kynjaskipting sé sem jöfnust í stjórn deildarinnar skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau fimm sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn deildarinnar til tveggja ára

og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn deildarinnar til tveggja ára.

Stjórn kýs sér varaformann og ritara sem skal sjá um að færa fundargerðir...”

Rök

Kynjaskipting félagsfólks í deild leiðsögumanna í VR er nokkurn veginn jöfn, þ.e. 50% konur og 50% karlar.
Stjórn deildarinnar nú endurspeglar ekki þessa kynjaskiptinu, þ.e. hún er nær eingöngu skipuð körlum – og var í raun á ákveðnu tímabili eingöngu skipuð körlum.
Í störfum okkar vitum við einnig að mjög margar konur starfa sem leiðsögumenn og mjög nauðsynlegt er að konur séu í stjórnunarstörfum fyrir stétt leiðsögufólks, þannig að jafnt viðhorf kvenna sem karla komi þar sterkt fram.

VR leggur ríka áherslu á að við val á félagsfólki til trúnaðarstarfa sé gætt jafnræðis milli kynja. Með viðbótinni við reglur deildarinnar, sem hér er lögð til, væri komið í veg fyrir kynjahalla eins og þann sem nú er í stjórn deildarinnar. Viðbótin er tekin úr lögum VR en orðalag aðlagað störfum deildarinnar.

Félag ökuleiðsögumanna og Félag fjallaleiðsögumanna: Til að stuðla að því að allir sem sinna hvers konar leiðsögustörfum sameinist undir einum „hatti“(VR) tilnefna félögin tvö sinn fulltrúa í stjórn. Val þeirra á fulltrúa getur haft áhrif á kynjaskiptingu innan stjórnar, ekki síst vegna þess að verulega færri konur en karlar eru í þessum tveimur félögum, en með því að bæta ofangreindri tillögu við núverandi reglur myndi kosning til stjórnar a.m.k. endurspegla jafna kynjaskiptingu.

Umræða.

Tillagan fær góðar undirtektir á fundi en verður lögð fyrir alla í stjórn með tölvupósti.

Pétur Gauti skreppur af fundi kl. 21:22.

Umræða.

Pétur Gauti kominn aftur kl. 21:25.

FEG ráðstefnan

Ráðstefnan er 17. – 22. nóvember nk. Fulltrúi leiðsögufólks á Íslandi fór 2024 og 2025. Er vilji til að senda fulltrúa fyrir okkar hönd þetta árið og þá hvern?

Umræða.Margir uppteknir á þessum tíma en úr verður að Bryndís Kristjánsdóttir fer fyrir hönd deildarinnar 2026.

Önnur mál

Umræða um næsta vinnufund. Ákveðið að næsti fundur verði vinnufundur 30. september eða 1. október nk., ákveðið betur í tölvupósti.

Bent á umræðu Bryndísar K um að vera sýnileg og tekið undir það. Hafa tekið eftir því að margt leiðsögufólk á vettvangi er með bláa skírteini fyrir 2025 en ekki 2026.

Skoða viðburði vetrarins og sjá hvort við viljum taka þátt í einhverjum þeirra, s.s. ferðamáladegi SAF, hátíðinni í Hörpu.

Spurt er hvort vitað sé hvað mótaðilinn hugi á komandi tímum. Mögulega einhver svör eftir fund nk. fimmtudag. Þeir voru þó jákvæðir varðandi að hefja vinnu með bókanir í vor.

Fundi slitið kl. 21:56.